

Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. þ 140/360
komudagur 18. 11. 2011

Reykjavík, 18. 11. 2011

Undirrituð óskar eftir að koma á framfæri umsögn við lagafrumvarp um heilbrigðisstarfsmenn, mál 147.

1. Í inngangi að athugasemdum við lagafrumvarpið lið C. Er gert ráð fyrir að frumvarpið byggi að stöfni til á ákvæðum læknalaga 53/1988 og við undirbúning frumvarpsins sé stuðst við sambærileg norsk lög.

Norsk lög gera ekki ráð fyrir að klínískir tannsmiðir starfi sjálfstætt. Á Íslandi þurfti að setja sér lög nr. 109 /2000 til að gera klínískta tannsmiði löglega. Ef þau verða felld úr gildi án þess að önnur lög komi í staðin get ég ekki séð hvernig okkur verði mögulegt að starfa.

Tannsmiðir sem vinna fyrir tannlækna starfa hinsvegar samkvæmt lögum nr. 42/1978. En tannsmiði var gerð að löggilttri iðngrein 1972.

Klínískir tannsmiðir hafa starfað td. í danmörku í 99 ár sem sjálfstæð atvinnugrein og eru nú farnir að mennta aðstoðarmenn í greininni.

Klínískir tannsmiðir á Íslandi hafa sótt sína sérmenntun til Danmerkur og eru nokkrir íslendingar í námi og starfi þar. Háskóli Íslands hyggst ekki kenna þessa grein.


2. Mál 147 virðist vera endurupptekning á máli 116 frá 138 löggjafarþingi.
Í umsögn sem Landlæknisembættið gaf, þar segir m.a.

Um 3. gr. Tilgreining löggilttra heilbrigðisstétta.

Énni stétt hefur verið búið við upptökuningu heilbrigðisstétta, þ.e. tannsmiðum. Í greinargerð með 3. gr. frumvarpsins eru taldir upp fimm aðilar sem hafi var samráð við áður en ákvæðið var að eggja til að tannsmiðir yrðu heilbrigðisstétt. Landlæknisembættið var ekki þar á málal og hefur ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um þessa breytingu fyrir en né. Landlæknisembættið telur að þara verði mjög varlega í að fjölga heilbrigðisstéttaum og hafa embættinu ekki verið klagt rök fyrir því að gera tannsmiði að heilbrigðisstétt, fremur en að tannsmiði verði áfram löggilt iðngrein.

Ég fæ ekki séð frekar en Landlæknir rök fyrir því, hvers vegna tannsmiðir eigi að vera heilbrigðisstétt, frekar en löggilt iðngrein

Með vinsemi og virðingu



Iris Bryndís Guðnadóttir

Klínískur tannsmiðameistari og tannlæknir